

Sænska Sogsláninu sagt upp

FYRIR nokkru samþykki bæjarstjórn að segja upp sænska láninu er bærinn tók þegar Sogstöðin var byggð. Lánið nemur um næstu áramót 4½ milj. króna sænskum eða nálega 7 milj. kr. íslenskum.

Leit bæjarstjórn svo á, að hagkvæmara væri að taka inn lenti lán í staðinn.

Á bæjarráðsfundi í gær skýrði borgarstjóri frá, að búið væri að ganga formlega frá uppsögn lánsins, til borgunar um áramót. Liggur þá fyrir að bjóða út innlent lán í staðinn.

Matið hækkað á Grafarholli og Lágafelli

Á BÆJARRÁÐSFUNDI í gær var lögð fram matsgerð yfirmatsnefndar á þeim hluta Grafarholts, sem tekinn verður eignarnámi, og á Lágafelli og Varmá eða þeim hluta Korpúlfsstaðaeignarinnar, sem samíð hefir verið um, að Mosfells-hreppur keypti.

Grafarholtslandið, sem um er að ræða, er 700 hektarar, og auk þess er nýbýlið Engi.

Fyrir mat þessara eigna var 254 þús. En yfirmatsnefnd hækkaði það í 355 þús., og eru þá mannvirki nýbýlisins metin á 25 þús. kr.

En matið á löndum og mannvirkjum þeim, er Mosfells-hreppur kaupir af bænum, var 493 þús. Yfirmatsnefnd hækkaði það í 555 þús. kr. 305 þús. fyrir landið og 250 þús. fyrir mannvirkin.

Í yfirmatsnefnd voru þeir Gissur Bergsveinsson hæstarjettardómari, Ísleifur Árnason prófessor og Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri.



Uppdrættir Melaskóla samþykktir

BYGGINGARNEFND hefir samþykkt uppdretti Einarssonar og Ágúst Pálssonar að Melaskólanum og verður byggingin bráðlega boðin út.

Lávarður eltir innbrotsþjóf.

LONDON: — Fyrir skömmu var brotist inn til Hawke Lávarðar í sumarsetri hans eigi allfjarri London. Vaknaði frá lávarðarins við hávaða kl. 2 um nótt og vakti mann sinn, sem varð þjófsins var og elti hann. En þjófurinn komst undan, vegna þess, að lávarðurinn var svo óheppinn að velta niður stiga og meiddist hann nokkuð. Stolið var skartgripum um 30.000 króna virði.

Frá töku Marshalleyja.



FYRIR NOKKRU náðu Bandaríkjamenn stöðvum Japana á Marshalleyjum á sitt vald, eftir harða bardaga, og sýnir efri myndin eyðileggingar af árás flugvjala Bandaríkjamanna á eina eyjanna. — Að neðan sjást mennirnir, er stjórnuðu sókninni. Þeir eru frá vinstri: Smith hershöfðingi, Mitscher flotaforingi og Hale hershöfðingi.

Rússar fara yfir Beresinafljótið

Komnir inn í Borisov

London í gær — Einkaskeyti til Morgunblaðsins frá Reuter.

Í HERSTJÓRNARTILKYNNINGU RÚSSA í kvöld, segir, að herir Rússa hafi farið yfir Beresinafljótið í sókn sinni til Minsk. Var farið yfir fljótið á breiðu svæði fyrir norðan Borisov og alls sótt fram um 30 km. Þá segja Rússar einnig frá sókn sinni á finsku vígstöðvunum og víðar.

Að sögn Rússa er nú barist í borgunum Slutsk og Lyuban og hafa einnig mörg þorp verið tekin á þessum slóðum — Þá segjast Rússar hafa komist yfir Pripetfljótið á nokkru svæði.

Einnig kveðast Rússar hafa átt í hörðum bardögum við Þjóðverja í úthverfum borgarinnar Borisov og komist þar að Beresinafljóti á nokkru svæði. Voru á þeim slóðum tekin allmörg þorp.

Milli Ladoga og Onegavatns hjeldu herir Rússa að sögn tilkynningarinnar, áfram sókn og töku ýmsar varnarstöðvar, sumar í skóglendi og fenjum. Voru bardagar þarna harðir og erfiðir.

Fyrir norðan og norðaustan Viborg voru tekin fjögur virki af Finnum og ein járnbrautarstöð, en á Polotsksvæðinu eiga harðir bardagar sjer stað.

Finnar segjast enn hafa orðið að hörfa nokkuð á Aunus-eiði, en annarsstaðar kveðast þeir hafa getað stemt stigu við framsókn Rússa. Þjóðverjar segja frá hörðum varnarbardögum víða í Hvíta-Rússlandi.

Svifsprengra sökti Roma.

LONDON: — Það hefir komið á daginn, að Þjóðverjum varð talsvert ágengt við Salerno með svifsprengrum, sem flugvjarlar hafa meðferðis og senda síðan frá sjer að skotmarkinu. Þá er það einnig upplýst, að það var slík svifsprengra eða sprengrum, sem söktu ítalska orustuskipinu „Roma“ um það leyti, sem Ítalía gafst upp.

Hjálmar Björnsson ritar um lýðveldisstofnunina á Íslandi

Í BLAÐINU „Minneapolis Morning Tribune“ birtist þ. 17. júní grein eftir Hjálmar Björnsson ritstjóra, sem nefnist „Ísland gengur í hóp frjálsra þjóða“. Er þar í stuttu máli rakin saga Íslands og lýðveldisstofnunarinnar. Lýkur greininni með þessum orðum:

„Ísland hefur í dag á ný göngu sína í hópi frjálsra og fullvalda þjóða og ber í brjósti hlýjustu óskir til frjálsra þjóða um heim allan. Þetta eru raunar meira en óskir. Því segja má að Ísland biðji þeim sigurs, því að tilraun Íslands til sjálfstæðis hlýtur að byggjast á vonum frjálsra manna um allan heim um að byggja betri og frjálsari veröld. Sú staðreynd, að lýðræðishugsjónin hefir staðið af sjer þúsund ára þjáningar á Íslandi, er sönnun þess, að lýðræðið mun sigra.

Lengi lifi lýðveldið Ísland“.

★

Sama blað birtir þá fregn, að Hjálmar Björnsson hafi verið útnefndur íslenskur vararæðismaður fyrir Minnesotarikí, og að síðar um daginn muni Íslendingar koma saman í skemti garði „Lake Nokomis“, þar sem Hjálmar Björnsson mun lesa upp kveðju forsætisráðherra Íslands til Íslendinga vestan hafs.

Fyrsta kvikmyndafjelag á Íslandi stofnað

FYRSTA kvikmyndafjelag á Íslandi var stofnað í Reykjavík fyrir nokkrum dögum, og hlaut það nafnið Kvikmyndafjelagið Saga h.f. Stjórnina skipa Helgi Eliasson fræðslumálastjóri, Haraldur Á. Sigurðsson leikari, Hákon Bjarnason skógræktarstjóri, Jónas B. Jónsson fræðslufulltrúi og Sören Sörensen lyfsölustjóri, sem hefir og verið ráðinn framkvæmdastjóri fjelagsins. Aðrir stofendur eru Birgir Kjaran, Emil Thoroddsen, Halldór Hansen, Indriði Waage, Magnús Kjaran og Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi.

Fjelagið hyggst fyrst og fremst að láta gera kvikmyndir af landi og þjóð, sem vel yrðu fallnar til landkynningar hjer og erlendis. Síðar hyggst fjelagið að kvikmynda ýmsa leikþætti til sýningar hjer heima. Og þegar fjelaginu vex fiskur um hrygg, er ætlunin að færa þann þátt kvikmyndanna í aukana, til dæmis að kvikmynda Íslendingasögurnar.

Fjelagið hefir ennfremur í hyggju að flytja inn erlendar fræðslu- og kenslukvikmyndir til notkunar í skólum landsins og á fræðslufundum og setja við þær íslenska texta.

Fjelagið mun einnig taka að sjer að útvega sýningartæki og annað þess háttar þeim, sem þess óska. Einnig hefir komið til mála, að fjelagið starfræktli ferðabið á afskekktum stöðum á landinu.

Mun fjelagið hafa í hyggju að útvega sjer leyfi til kvikmyndasýninga í Reykjavík, er gæfu af sjer einhvern arð. Er slíkt nauðsynlegt fyrir fjelagið til þess að geta staðist kostnaðinn við að byrja starfsemi sína.

Fjelagið hefir gert ráðstafanir til þess, að fá tæki til starfsemi sinnar og hæfa menn til þess að annast kvikmyndatöku og kvikmyndagerð.

Blaðinu barst eftirfarandi frá utanríkisráðuneytinu 30. júní.

Ármenningar fara til Vestfjarða

ÚRVALSFIMLEIKAFLOKKUR úr Glimufjelaginu Ármann undir stjórn Jóns Þorsteinssonar íþróttakennara, leggur af stað til Vestfjarða með Súðinni í dag. Forarstjóri er Jens Guðbjörnsson, form. Ármanns.

För þessi mun taka um hálfan mánuð og verður farið mjög víða um firðina, og er hún farin í samræmi við íþróttafulltrúa ríkisins.

Sennilega verður fyrsta sýningin í Stykkishólmi. Á Vestfjörðum byrja sýningar svo á Patreksfirði og síðan haldið norður. Er ætlunin að sýna á eins mörgum stöðum og við verður komið og hefir á nokkra þeirra aldrei komið íþróttaflokkur áður.

Glimufjelagið Ármann mun víðförlasta íþróttafjelagið hjer á landi. Hefir það sýnt á 48 stöðum innanlands, en á 88 stöðum erlendis í 7 löndum. —